



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni 30. september 2024 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Sigurður Elmar Birgisson og Einar Gíslason.

### **1. Afnotaleyfi á hey- og kerrusvæðum**

Fákur hefur hug á að semja við þá aðila sem nota aðstöðu Fáks fyrir aðföng og rekstur fyrirtækja sinna um leigugjald sem þeir greiða mánaðarlega.

Framkvæmdastjóra og formanni er falið að hefja viðræður við þessa aðila.

### **2. Akstur á reiðvegum**

Framkvæmdastjóra er falið að loka reiðleiðum fyrir akandi umferð í kringum og fyrir framan reiðhöllina.

### **3. Uppskeruhátíð Fáks og Spretts**

Fyrirhugað er að félögin haldi saman Uppskeruhátíð barna þann 4. nóvember og fullorðinna þann 30. nóvember næstkomandi. Þar er fyrirhugað að verðlauna afreksknapa félaganna og ræktunarverðlaun. Framkvæmdastjóra og Sigrúnu er falið að ræða við Sprettara um næstu skref.

### **4. Landsþing LH í Borgarnesi**

Umræður um Landsþing í Borgarnesi og þær tillögur sem Fákur hefur sent til skrifstofu LH. Fyrirhugað er að halda fund með Landsþingsfulltrúum Fáks þriðjudaginn 22. október og fara yfir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu.

### **5. Viðburðir og leigur framundan í reiðhöllinni**

- 4.-6. október - Kynjakettir sýning - Reiðhöllin
- 12.-13. október - Undra.net sölu- og kennslusýning - Reiðhöllin
- 12. október - Herrakvöld Fáks - Félagsheimili
- 12. október - Hrossaræktarráðstefna RML - Félagsheimilinu
- 4. nóvember - Uppskeruhátíð Fáks og Spretts fyrir börn og unglunga
- 30. nóvember - Uppskeruhátíð Fáks og Spretts -
- 30. nóvember - Menntadagur Landsliðsins - Reiðhöllin

**Fundi slitið 17:45.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**